



Nýsköpun - Heimsmarkmiðin og nærsamfélagið

5. – 7. bekkur

Nokkrar áskoranir sem við öll getum hjálpað til við að leysa



Ath. að þetta eru einungis nokkur atriði, samantekin af NKG, til að hjálpa til við hugmyndavinnu nemenda. Vitið þið um annað vandamál eða áskoranir, sem tengist einhverju markmiðanna, sem þið viljið reyna að leysa? Skrifjið hana þá í „Annað?“

1 ENGIN
FÁTÆKT

Áherslur: Styrkja stöðu fólks sem stendur höllum fæti, með sérstakri áherslu á börn

Margir hafa ekki efni á að æfa eitthvað eins og til dæmis íþróttir eða gera eitthvað skemmtilegt eins og að fara í bíó. Sumir eiga ekki mikið af fötum og leikföngum og geta ekki alltaf gefið afmælisgjafir eða farið í skólaferðir sem kosta peninga.

Annað?: _____

2 EKKERT
HUNGUR

Áherslur: Sjálfbær þróun í fiskveiðum og landbúnaði. Lífræn og heilnæm framleiðsla. Tryggja framfærslu allra landsmanna

Margir hafa ekki efni á að kaupa skólamat, ávexti og grænmeti eða annan hollan mat, geta ekki alltaf komið með nesti í skólann eða til dæmis keypt flottan, góðan jólamat.

Annað?: _____

3 HEILSA OG
VELLIDAN

Áherslur: Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar. Langvinnir sjúkdómar sem tengja má við lífsstíl. Framboð og aðgengi að úrræðum og þjónustu eftir landssvæðum

Margir hreyfa sig allt of lítið, fá ekki nægan svefn, ná ekki að slaka á, borða ekki hollan mat, hanga of mikið inni eða hafa ekki efni á að fara til læknis eða tannlæknis. Enn eru margir einmana eða lagðir í einelti..

Annað?: _____

4 MENNTUN
FYRIR ALLA

Áherslur: Efla læsi og tryggja framtíð íslenskar tungu. Vinna gegn brotthvarfi úr framhaldsskólum. Fjölga nemendum í verk- og tækninámi

Mörgum gengur illa að læra, aðrir geta ekki fengið aðstoð við heimalærdóminn eða geta ekki lært það sem þeir eru „bestir í“. Sumum líður ekki vel í skólanum, til dæmis vegna eineltis, eða hafa engan til að leika við og það bitnar á námsárangri þeirra.

Annað?: _____



5 JAFNRÉTTI KYNJANNA

Áherslur: Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað. Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar

Ekki nærri allir átta sig á að það skiptir alls engu máli hvort þú sért stelpa, strákur eða annað kyn. Við erum öll jöfn og eigum sama rétt til alls.

Annað?: _____

7 SJÁLFBÆR ORKA

Áherslur: Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa með orkuskiptum í lofti, láði og legi

Er ekki hægt að nýta meiri orku úr náttúrunni, til dæmis vind- og sólarorku, heita vatnið eða vatn úr ár og lækjum? Getum við notað minna bensín og olíu?

Annað?: _____

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

Áherslur: Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg og sjálfbær. Áskoranir vegna strjálbýlis, svo sem fjarskipti og almenningssamgöngur

Mjög margir eru einir í bílunum sínum og því eru allt of margir bílar á götunum. Margir keyra of hratt eða fara yfir á rauðu ljósi og því getur verið mjög hættulegt að labba yfir götur. Geta fleiri ræktað grænmetið sitt einhvers staðar nálægt heimilinu?

Annað?: _____

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

Áherslur: Minnka neyslu, draga úr matarsóun og minnka þar með vistspor Íslendinga. Innleiða hringrásarhugsun í alla neyslu og framleiðslu

Við hendum miklum mat og oft er mikið rusl á götunum og úti í náttúrunni. Við kaupum mjög mikið af alls konar hlutum sem við þurfum kannski ekki og hendum svo miklu í ruslið. Er hægt að gera það einfaldara að flokka rusl?

Annað?: _____
